

Eiríkur Rögnvaldsson

# ÍSLENSK MÁLFRÆÐI

HLJÓÐKERFISFRÆÐI

OG

BEYGINGAFRÆÐI

Reykjavík  
1984



## FORMÁLI

Betta rit er aukin og endurskoðud útgáfa tveggja kennslukvera sem ég samdi og gaf út í fyrra, og hétu íslensk orðhlutafraði og íslensk hljóðkerfisfraði. Það fyrra hef ég stytt lítilsháttar, breytt orðalagi og efnisskipan sums staðar, og fellt úr nokkrar villur; það síðara hef ég lengt mikil, auk þess sem efnisskipan og orðalagi er víða gjörbylt. Ég samdi þessi kver til þess að nota í kennslu í íslensku til B.A.-þrófs; og efni þessa rits er miðað við að það henti til kennslu í námskeiðunum íslenskt nútímmamál I og II - ásamt fleiri ritum að sjálfssögðu.

Báðir foreldrar þessa rits urðu upphaflega til á skömmum tíma, og báru þess ýmis merki; og svo er enn um betta afkvami. Þótt vonandi hafi tekist að sníða suma vankantana af því, verður það enn að skoðast sem tilraunaútgáfa, sem vonandi á eftir að fá á sig fríðara svipmót.

Ég pakka öllum sem hlut eiga að málí fyrir afnot af óprentuðum ritgerðum þeirra, sem víða hafa orðið mér að miklu gagni. Þá skal tekið fram, að ýmsar hugmyndir sem hér koma frá voru settar fram og ræddar í námskeiðum Höskuldar Práinssonar í íslenskri hljóðkerfisfraði haustið 1980 og íslenskri beyginga- og orðmyndunarfraði haustið 1981; fast af því er upphaflega komið frá mér, og ég pakka Höskuldi og samstóudentum mínum afnot af því sem frá þeim er komið.

Hér skulu svo í upphafi skýrð nokkur atriði í sambandi við táknum. Hljóðritun er samkvæmt venju höfð innan hornklofa. Hljóðön í merkingunni "merkingargreinandi eind í yfirborðsgerð" eru höfð innan skástrika /.../, en baklægar gerðir eru táknaðar innan #...#. Í beygingafraðinni eru yfirleitt notuð stafsetningartákn í stað hljóðtákna þar sem ekki getur valdið misskilningi; sömuleiðis eru stafsetningartákn notuð fyrir sérhljóð í baklægum gerðum til einföldunar.

Reykjavík, 16. janúar 1984

Guðrún Rágún.



## ORDASKRÁ

Í þessari skrá eru nánar eingöngu þau fræðiorð sem eru skilgreind í ritinu; ekki eru tekin með orð eins og **lokhljóð**, **nefnifall o.s.frv.**, sem allir lesendur attu að þekkja úr fyrra námi sínu. Enska samsvaranir eru látnar fylgja með til að auðvelda áhugasönum lesendum að afla sér frekari vitneskju. Tölurnar vísa til síðna þar sem viðkomandi orð kemur fyrst fyrir eða er skilgreint, nema hvortveggja sé.

- aðgreinandi páttur (distinctive feature): 43
- aðskeyti (affix): 94
- algild andstæða (constant opposition): 18
- aliröðum (feeding order): 76
- atkvætt (syllabic): 45
- baklæg gerð (underlying form): 33, 38
- bakstaða (final position): 13
- beygingarregla (morphological rule): 9, 127
- beygingarpáttur (morphological feature): 9, 105
- blaðmyndad (coronal): 46
- dreift (distributed): 46
- eðlilegur flokkur (natural class): 45
- einangruð andstæða (isolated opposition): 18
- fjarlegt (low): 47
- forskeyti (prefix): 94
- framlegt (anterior): 46
- framskotin tungurót (advanced tongue root): 49
- framstæða (initial position): 13
- frjáls dreifing (free distribution): 15, 94
- fyllidreifing (complementary distribution): 15, 94
- grunnþáttur (base feature): 106
- hálfssérhljóð (glide): 47
- hliðmelt (lateral): 46
- hljóðan (phoneme): 14, 34
- hljóðbeygingarregla (morphophonemic rule): 9, 130
- hljóðbrigði (allophone): 15
- hljóðeðlisfræði (acoustic phonetics): 11
- hljóðfræði (phonetics): 11
- hljóðkerfi (phoneme system): 13, 14
- hljóðkerfistregla (phonological rule): 10, 33, 50
- hljóðmyndunarfræði (articulatory phonetics): 11
- hljóðskipunarfraði (phonotactics): 13, 28
- hljóðskipunarregla (morpheme structure rule): 13, 28
- hljóðpáttur (phonetic feature): 43
- hljómandi (sonorant): 46
- hlutfallsbundin andstæða (proportional opposition): 18

- hiutleyst andstæða (neutralized opposition): 16, 19  
innskeyti (infix): 95  
innstaða (medial position, intervocalic position): 13  
kerfisgat (systematic gap): 28  
kringt (rounded): 47  
langt (long): 47  
lágmarkspar (minimal pair): 16  
lesfærslureglia (lexical insertion rule): 9  
lokaður flokkur (closed class): 135  
marghliða andstæða (multilateral opposition): 18  
márkað (marked): 106, 136  
málfræðileg formdeild (grammatical category): 103  
málfræðilegt myndan (grammatical morpheme): 94  
merkingarlegt myndan (semantic morpheme): 94  
myndan (morpheme): 93, 100  
myndbrigði (allomorph): 94  
nálegt (high): 46  
nefkveðið (nasal): 46  
opina flokkur (open class): 135  
orðasafn (lexicon): 9, 121  
orðasafnsmynd (lexical entry): 128, 132  
orðasafnsregla (lexical redundancy rule): 123  
orðasafnspáttur (lexical feature): 105, 121  
orðmyndunarregla (word formation rule): 125  
ómarkað (unmarked): 106, 122, 136  
raddað (voiced): 46  
raðvensl (syntagmatic relation): 13  
regluröðum (rule ordering): 41  
rót (root): 94  
samfellt (continuant): 46  
samhljóðskennit (consonantal): 45  
skil (boundaries): 50  
slysagat (accidental gap): 28  
spegilregla (mirror image rule): 75  
sperrt raddglufa (spread glottis): 46  
staðvensl (paradigmatic relation): 13  
stofn (stem): 94  
stofnhlutagreining (IC-analysis): 95  
strítt (strident): 47  
stöðubundið afbrigði (positional variant): 15  
sumgild andstæða (neutralizable opposition): 18  
sveltiröðun (bleeding order): 76  
tvíhliða andstæða (bilateral opposition): 16  
umframur þáttur (redundant feature): 48  
ummyndanapáttur (transformational feature): 106  
umskiptaröð: 16  
uppmelt (back): 46  
viðskeyti (suffix): 94  
þanið (tense): 47

## EFNISYFIRLIT

Inngangur .....	9
1. Hljóðan og hljóðkerfi .....	11
1.1 Viðfangsefni hljóðkerfisfreðinna .....	11
1.1.1 Hljóðfræði og hljóðkerfisfræði .....	11
1.1.2 Skipting í hljóð .....	12
1.1.3 Eindir og vensl hljóðkerfisins .....	13
1.2 Grundvallarhugtök .....	14
1.2.1 Hljóðan og hljóðbrigði .....	14
1.2.2 Fyllidreifing - frjáls dreifing .....	15
1.2.3 Lágmarkspör - umskiptaraðir .....	16
1.2.4 Tegundir andstæðna .....	18
2. Íslenskt hljóðkerfi og hljóðskipun .....	20
2.1 Hljóðön i íslensku .....	20
2.1.1 Hljóðtákni sem notuð eru .....	20
2.1.2 Lokhljóð .....	21
2.1.3 Önghljóð .....	23
2.1.4 Hliðarhljóð, sveifluhljóð, nefhljóð .....	24
2.1.5 Sérhljóð .....	25
2.1.6 Yfirlit yfir hljóðkerfið .....	26
2.2 Hljóðskipun íslensku .....	28
2.2.1 Hljóðskipunarreglur .....	28
2.2.2 Staða einstakra hljóða .....	28
2.2.3 Framstöðuklasar .....	29
2.2.4 Bakstöðuklasar .....	31
3. Baklaðar gerðir .....	33
3.1 Rök fyrir baklaðri gerð .....	33
3.1.1 Mismunandi tengsl hljóðana .....	33
3.1.2 Erlendur hreimur og framburður tökuordá .....	34
3.1.3 Hljóð í samfelldu tali .....	35
3.1.4 Barnamál .....	36
3.1.5 Studlun .....	37
3.2 Val baklaðgrar gerðar .....	38
3.2.1 Forsegjanleiki .....	38
3.2.2 Einfaldleiki og sennileiki .....	39
3.2.3 Hagkvænni og kerfissamræmi .....	40
3.2.4 Baklaðgt hljóðkerfi íslensku .....	41
4. Hljóðbættir og hljóðkerfisreglur .....	43
4.1 Hljóðbættir .....	43
4.1.1 þáttagreining .....	43
4.1.2 Tilgangur þáttagreiningar .....	44
4.2 Bættir íslenskra hljóða .....	45
4.2.1 Heiti og skilgreiningar þáttu .....	45
4.2.2 Þemi um þáttagreiningu .....	47
4.2.3 Þáttamerking íslenskra hljóða .....	49

4.3 Hljóðkerfisreglur .....	50
4.3.1 Verkefni hljóðkerfisreglna .....	50
4.3.2 Áhrif skila á hljóðkerfisreglur .....	50
4.3.3 Formleg framsetning hljóðkerfisreglna .....	52
4.3.4 Þettir í hljóðkerfisreglum .....	53
5. Samhljóðareglur .....	55
5.1 Raddirbandareglur .....	55
5.1.1 Aðblástur .....	55
5.1.2 Afröddun .....	56
5.1.3 Afblástur .....	57
5.1.4 Hardmeli - línmeli .....	59
5.2 Samsteypur .....	59
5.2.1 Framgómun samhljóða á undan sérhljóði .....	59
5.2.2 Framgómun á undan [j] .....	60
5.2.3 #h# í framstöðu .....	61
5.3 Tengsl lokhljóða og önghljóða í innstöðu .....	62
5.3.1 Ünghljóðun .....	62
5.3.2 Staða uppgómmeittra önghljóða .....	64
5.3.3 Lokhljóðun á undan #l# og #n# .....	65
5.3.4 Lokhljóðun #ð# .....	66
5.3.5 Lokhljóðun langra önghljóða .....	68
5.4 Reglur um <u>-r</u> -endingar .....	69
5.4.1 <u>-r</u> -brottfall .....	69
5.4.2 <u>u</u> -innskot .....	70
5.4.3 Samlögnun við #l# og #n# .....	71
5.4.4 Frálfking .....	72
5.4.5 Rök fyrir reglum .....	73
5.5 Styttigar og lengingar .....	75
5.5.1 Styttung langra samhljóða .....	75
5.5.2 Samspli styttigar og annarra reglna .....	75
5.5.3 Lenging .....	77
5.6 Samleganir og brottföll .....	78
5.6.1 Samlögun nefhljóða .....	78
5.6.2 Samlögun önghljóða .....	79
5.6.3 Brottfall samhljóða úr klösum .....	80
6. Sérhljóðareglur .....	83
6.1 <u>u</u> -hljóðvarp og veiklun .....	83
6.1.1 <u>u</u> -hljóðvarp .....	83
6.1.2 Veiklun .....	84
6.2 Brottfall .....	86
6.2.1 Brottfall á undan blaðmynduðu hljóði .....	86
6.2.2 Brottfall í enda stofns og í greini .....	87
6.3 Tvíhljóðanir .....	88
6.3.1 Tvíhljóðun á undan #gi# .....	88
6.3.2 Tvíhljóðun á undan #ng# og #nk# .....	89
6.4 Lengd .....	90
6.4.1 Lengdarregla .....	90
6.4.2 Lengd og atkvæði .....	91

7.	Myndan og merking .....	93
7.1	Myndanið sem merkingarbar eind .....	93
7.1.1	Myndan - myndbrigði .....	93
7.1.2	Rót, forsketyti, viðsketyti, stofn .....	94
7.1.3	Greining í beina stofnchluta .....	95
7.2	Myndanið sem eind í byggingu orðsins .....	96
7.2.1	Myndangreining á sögulegum grunni .....	96
7.2.2	Myndangreining á grundvelli málkunnáttu .....	97
7.2.3	Tengsl myndana og merkingar .....	98
7.2.4	Mý skilgreining myndans .....	99
7.2.5	<u>Orðið sem minnsta merkingarbar eind .....</u>	100
8.	Formdeildir og beygingarpættir .....	103
8.1	Málfræðilegar formdeildir .....	103
8.1.1	Formleg flokkun .....	103
8.1.2	Beygingarlegar og setningarlegar formdeildir .....	104
8.1.3	Beygingarpættir .....	105
8.1.4	Mörkuð og ómörkuð gildi .....	106
8.2	Málfræðilegar formdeildir í íslensku .....	107
8.2.1	Orðflokkar .....	107
8.2.2	Persóna .....	108
8.2.3	Tala .....	110
8.2.4	Kyn .....	111
8.2.5	Fall .....	112
8.2.6	Ákveðni .....	115
8.2.7	Stig .....	116
8.2.8	Tíð og háttur .....	117
8.2.9	Horf og mynd .....	119
9.	Orðasafn og reglur .....	121
9.1	Orðasafnið og uppbygging þess .....	121
9.1.1	Innhald orðasafnsins .....	121
9.1.2	Orðasafnsmyndir .....	122
9.1.3	Orðasafnsreglur .....	122
9.1.4	Merkingarlegar reglur .....	124
9.1.5	Páttamerkingarreglur .....	125
9.2	Beygingarreglur .....	127
9.2.1	Framsetning beygingarreglna .....	127
9.2.2	Bettir í beygingarreglum .....	128
9.2.3	Regluröðun .....	130
9.3	Hljóðbeygingarreglur .....	130
9.3.1	Munur hljóðbeygingarreglna og hljóðkerfisreglna .....	130
9.3.2	Helstu hljóðbeygingarreglur í íslensku .....	131
9.3.3	Mismunandi hlutverk hljóðbeygingarreglna .....	132
10.	Nafnorðabeyging .....	134
10.1	Orðasafnspættir .....	134
10.1.1	Kyn .....	134
10.1.2	Hefðbundin beygingarflokkun .....	135
10.1.3	Markaðar og ómarkaðar endingar .....	136
10.2	Karlkyn .....	137
10.2.1	Beygingardæml .....	137

10.2.2 Beygingarreglur .....	139
10.2.3 Orðasafnsreglur .....	142
10.3 Kvenkyn og hvorugkyn .....	143
10.3.1 Beygingardæmi kvenkyns .....	143
10.3.2 Orðasafnsreglur .....	145
10.3.3 Hvorugkyn .....	146
10.4 Almenn atriði .....	147
10.4.1 Opnir og lokaðir beygingarflokkar .....	147
10.4.2 Beyging greinis .....	149
10.4.3 Hljóðbeygingarreglur .....	150
11. Beyging lýsingarordá, tölurða, fornafna og atviksordá .....	153
11.1 Fallbeyging lýsingarordá .....	153
11.1.1 Sterk beyging frumstigs .....	153
11.1.2 Veik beyging og beyging miðstigs og efstastigs .....	154
11.1.3 Hljóðbeygingarreglur .....	155
11.2 Beyging fornafna og tölurða .....	156
11.2.1 Persónuformöfn, afturbeygt fornafn og ábendingarfornöfn .....	156
11.2.2 Eignarfornöfn, spurnarfornöfn, óákvæðin fornöfn .....	158
11.2.3 Beyging tölurða .....	160
11.2.4 Yfirlit yfir fallbeygingu .....	160
11.3 Stigbreyting .....	161
11.3.1 Stigbreyting lýsingarordá .....	161
11.3.2 Stigbreyting atviksordá .....	162
12. Sagnbeyging .....	164
12.1 Yfirlit um sagnbeygingu .....	164
12.1.1 Sterkar sagnir og veikar .....	164
12.1.2 Sundurgreining endinga .....	164
12.2 Beygingardæmi sagna .....	165
12.2.1 Veikar sagnir .....	165
12.2.2 Sterkar sagnir .....	166
12.3 Beygingarreglur og hljóðbeygingarreglur .....	168
12.3.1 Beygingarreglur .....	168
12.3.2 Hljóðskipti .....	169
12.3.3 Adrar hljóðbeygingarreglur .....	171
12.4 Aðrir flokkar, hættir og myndir .....	173
12.4.1 Núpálegar sagnir .....	173
12.4.2 Bodháttur .....	174
12.4.3 Lýsingarháttur pátiðar .....	175
12.4.4 Miðmynd .....	176
Heimildir .....	177

## INNGANGUR

Að jafnaði er gert ráð fyrir að málkerfi hvers tungumáls skiptist í nokkra hluta, sem hver hafi sitt sérstaka verkefni. Setningafræðin gerir grein fyrir röðun orða í setningar og sambandinu milli orða; orðhlutafræðin (beyginga- og orðmyndunarfræði) gerir grein fyrir innri gerð orðanna og þeim formbreytingum sem þau taka eftir stöðu sinni í setningu o.fl.; hljóðkerfisfræðin fast við hljóðin sem mynda orðin, hvaða reglur gildi um samröðun þeirra, og hvernig þau hafi áhrif hvort á annað.

Í þessu riti er etlunin að gefa ágripskennda lýsingu á íslenskri hljóðkerfisfræði og beygingafræði innan ramma generatífrar málfræði (málmýndunarfræði, ummyndanamálfræði, reglumálfræði). Hér er því nauðsynlegt að drepa á nokkur meginatriði í sambandi við uppbyggingu málkerfisins eins og generatíffistar hugsa sér hana. Samkvæmt því skiptist grunnnhluti setningafræðinnar í tvær; liðgerðarreglur og orðasafn. Liðgerðarreglurnar "búa til" setningahríslur, þ.e. ákveðnar setningafræðilegar formgerðir, þar sem eru "básar" fyrir hinum ýmsu tegundir orða; nafnorð, sagnir, lýsingarorð, atviksorð o.s.fr. Síðan koma til sögu svokallaðar lesfærslureglur, sem stinga orðum úr orðasafninu inn í viðeigandi bása í hríslunum; nafnorðum í nafnorðabása, sögnum í sagnabása o.s.fr. Lesfærslureglurnar þurfa líka að geta að flokkunarrömmum sagna; ekki má t.d. stinga sögn eins og berja inn í hríslu með tveimur andlagsbásum, því að flokkunarrámmi berja er [S1 N1], en ekki [S1 N1 N1].

En hvað er þetta orðasafn? Við komum að því í 9. kafla; en til bráðabirgða getum við sagt að það sé sá hluti minnisins þar sem við geymum öll orð sem við kunnum og ýmsar upplýsingar um þau - upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að við getum notað þau rétt. Gert er ráð fyrir að ýmsar setningafræðilegar, beygingarlegar og hljóðfræðilegar upplýsingar séu geymdar við hvert orð í orðasafninu sem e.k. pettir. Við tökum hljóðpetti fyrir í 4. kafla, en beygingarpætti í 8. kafla. Þessir pettur flytjast með orðunum þegar þeim er stungið inn í hrísluna í djúpgerð setningarinnar; og þar geta ýmsir beygingarpettir best við. Síðan tekur við ummyndanahluti setningafræðinnar, þar sem ýmsar tilfærslur geta orðið. Þar bætast enn við beygingarpettir, hannig að þegar komið er í gegnum setningafræðihlutann hangir við hvert orð bálkur beygingarpáttta.


Þá er komið að beygingarhluta málkerfisins. Þar koma til sögu beygingarreglur, sem "skoða" þáttabálk hvers orðs, og setja á það endingar í samræmi við þáttamerkinguna. Einsig er þar gert ráð fyrir svonefndum hljóðbeygingarreglum, sem valdi ýmsum hljóðavíxlum í stofni; þar taka líka

mið af páttabálkinum. Meginverkefni beygingafraðinnar er að lýsa þessum tveim tegundum reglna; hvers eðlis eru þær, við hvað miða þær, á hvað verka þær, hver er útkoman úr þeim?

Síðan tekur hljóðkerfishluti málkerfisins við því sem beygingarhlutinn skilar af sér, í orðasafninu er hvert hljóð hvers orðs sem við kunnum merkt ákveðnum hljóðþáttum; en hljóð ómissa endinga, sem betast við í beygingarhlutanum, geta haft áhrif á þetti hljóða stofnsins. Það er verkefni **hljóðkerfisreglnanna** að stjórna þeim breytingum; þær eru sem sagt reglur sem eingöngu lúta hljóðfræðilegum skilyrðingum, en þurfa ekki á neinum beygingarlegum upplýsingum að halda. Útkoman úr hljóðkerfishlutanum er svo hin hljóðfræðilega yfirborðsgerð málssins; þ.e. það sem við heyrum.

Athugið að með þessu er ekki verið að segja að svona "fórum við að" pega við tölu; hér er aðeins verið að setja upp módel, sem ganga má út frá við lýsingu ómissa fyrirbæra og ferla í mannlegu máli. Á síðari árum hefur mikið verið deilt um "sálfræðilegan raunruleika" í máli, þ.e. hvort eðlilegt sé að gera ráð fyrir að ómsar baklegar myndir og reglur séu "til" í einhverjum skilningi - og þá í hvada skilningi. Hér verður gengið út frá því að þessir hlutir eigi sér einhvern tilverurétt; en þótt margir kunni að vera vantrúaðir á það, etti samt að mega nota módelið sem grundvöll mállysingar - og þá er tilganginum náð.

Hér fylgir mynd sem á að skýra þá uppbyggingu málkerfisins sem hér hefur verið lýst.



## 1. HLJÓÐAN OG HLJÓÐKERFI

### 1.1 Viðfangsefni hljóðkerfisfræðinna

#### 1.1.1 Hljóðfræði og hljóðkerfisfræði

Til að átta sig á viðfangsefnum hljóðkerfisfræðinna er líklega best að byrja á að afmarka hana frá hljóðfræði. Hljóðfræðin er lýsing á málhljóðum og myndun þeirra. Hún skiptist einkum í tvennt; **hljóðmyndunarfræði**,<sup>1</sup> sem fest við að lýsa hreyfingum talfæranna við hljóðmyndun, og **hljóðdeðlisfræði**,<sup>2</sup> sem lýsir eðlisfræðilegum þáttum málhljóðanna; sveiflusterð, sveiflutíðni o.s.frv., og athugar hvernig hreyfingar talfæranna hafa áhrif á þessi atriði.

Hljóðfræðilega séð eru engin tvö hljóð nákvæmlega eins. Þá er ekki bara átt við það sem við köllum "mismunandi" hljóð (t.d. [a] og [e], [b] og [s]), heldur eru engin tvö tilvik af "sama" hljóðinu nákvæmlega eins. Talfarin hreyfast ekki á nákvæmlega sama hátt, styrkurinn er mismunandi, tónninn ekki sá sami, o.s.frv. Hver einstaklingur hefur líka sinn sérstaka málróð; samt hikum við ekki við að tala um "sömu" hljóðin. En hvað merkir þá "sömu"?

Við gætum hugsað okkur að svara þeirri spurningu svo, að við höfum í huga ("kunnum") einhverja ákveðna ímynd af sérhverju hljóði málsins; "fyrirmynnar" [a], "fyrirmynnar" [s], o.s.frv.; og öll hljóð sem líkist þessum "fyrirmynnar" hljóðum nægilega mikil köllum við "sömu" hljóðin. Þetta er vissulega spor í rétta átt, en nægar þó engan veginn sem skilgreining. Það sjáum við ef við tökum líkingu af bókstófunum. Af þeim eru til margar gerðir; A a R = o.s.frv. Ef þetta væru nú mismunandi málhljóð sem hljóðfræðin atti að lýsa, þá myndi hún ekki hafa nein sérstök tengsl þarna á milli. Ef við tökum t.d. R og A, þá eru yfirborðslefkinin ekki mikil; R er miklu líkara H eða F en A. Samt tengjum við ósjálfrátt R = A, en ekki R = H eða R = F.

Þessi líkning hljóðanna við bókstafina er að vísu ekki fullkominn, en etti þó að sýna a.n.l. mun þessara tveggja greina, hljóðfræðinna og hljóðkerfisfræðinna. Hljóðfræðin lýsir hverju einstöku hljóði, en hljóðkerfisfræðin fest við venslin milli hljóðanna; athugar hvaða hljóð við flokkum saman - ósjálfrátt - og skynjum sem eitt og hið sama. Hún tekur líka tillit til hljóðumhverfis, og lýsir því hvernig næstu hljóð geta haft áhrif á hvert hljóð. Í hljóðfræðinni er allur munur hljóða jafn

<sup>1</sup> Sjá t.d. Ladefoged (1975).

<sup>2</sup> Sjá t.d. Fry (1979).

mikilvægur, jafn rétthár; en í hljóðkerfisfræðinni er lítið framhjá sumum hljóðumunum; hann skiptir þar ekki mál.

Viðfangsefni hljóðkerfisfræðinnar er því í stuttu mál að lýsa reglubundnum venslum milli merkingargreinandi cinda málssins; en hún lítur framhjá þeim mun sem ekki er reglubundinn, og ekki skiptir málí fyrir merkinguna.

### 1.1.2 Skipting í hljóð

Við skulum líka hafa það í hugs, að frá hreinu hljóðfræðilegu sjónarmiði er varla hægt að tala um einstök málhljóð. Talfærin stansat aldrei í einhverri ákveðinni stöðu; þau eru alltaf á hreyfingu. Óf erum við byrjuð að hreyfa þau fyrir eitthvert ákveðið hljóð nokkru áður en að því kemur. Berið t.d. saman örðmyndirnar strjúka og strýkur. Í strjúka er líklega algengast að við kringjum varirnar alveg frá upphafi, þótt þróu hljóð séu á undan eina hljóði örðsins sem kallað er kringt, p.e. [u]. Og hvar á þá að draga mörkin milli hljóðanna?

Eins er ef við athugum hljóðeðlisfræðilegu hliðina. Ef við tengjum hljóðnema við sveiflusjá og horfum á sveiflurnar, sem myndast þegar við tölum, á skjá fyrir framan okkur, er ómögulegt að skipta þeim nákvæmlega niður í ákveðin hljóð. Svo hvaða rök höfum við fyrir því að skipta talinu niður í hljóð?

Rök fyrir sífku hljóða öll að vera óbein; það er ekki um að ráða neitt sem við getum vegið eða mælt. Og þetta einkennir allan rökstuðning í hljóðkerfisfræði; hann verður ekki byggður á raunvísindalegum aðferðum. Það er ákaflega mikilvægt að átta sig á þeim mun hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. En min helstu rökin fyrir skiptingu í hljóð má sækja til ritmálsins. Ritmálið byggist á talmálinu, og í stórum dráttum getum við sagt að til ákveðins hljóðs svari ákveðinn bókstafur (þótt sú samsvörur sé langt frá því að vera fullkominn, eins og við vitum). En til þess að geta búið til síkt ritmál þurfa menn auðvitað að skipta örðunum niður; annars yrði að hafa sérstakt tákna fyrir hvert orð. Ef við heyrum íslenskt orð sem við höfum aldrei heyrt áður, erum við yfirleitt ekki heldur í neinum vandræðum með að skrifa það. Þó að þar sé um að ráða einn óslitinn streng hljóðbylgna, ólíkan öllum sem við höfum heyrt áður, skiptum við honum viðstöðu-laust niður.

Þetta sýnir okkur að málhljóðin eru eitthvað annað og meira en bara eðlisfræðileg fyrirberi. Í hugs okkar geymum við einhverja hugmynd um ákveðin hljóð, sem við síðan röðum saman þegar við tölum; og þegar við hlustum á aðra tala, leitum við aftur í þetta forðabúr hugsans til að greina talið í einstök málhljóð. Af þessum ástæðum hefur gengið svo illa

að búa til vélar sem skilja talað mál. Þær verða eingöngu að fara eftir hljóðbylgjunum, hinum eðlisfræðilega þetti. Yfirleitt krefjast þær þess að gert sé smáhlé á milli orða; þær hafa mjög takmarkaðan orðafordða; og það þarf að aðlaga þær sérstaklega máirómi hvers og eins sem við þær talar. Þær lenda í vandræðum ef "sama" hljóðið hefur mismunandi framburð eftir umhverfi og aðstæðum; þær geta ekki giskað ef framburður er ógreinilegur; o.s.frv. Það vanrar nefnilega í þær mannlega þáttinn, þ. á m. hljóðkerfisfræðina.

#### 1.1.3 Eindir og vensl hljóðkerfisins

Hljóðkerfi hvers máls byggist annars vegar upp af þeim eindum (þ.e. hljóðum) sem í því eru, og hins vegar innbyrðis venslum eindanna. Hvert mál hefur sína ákveðnu skipan á því hvaða málhljóð það notar. Við vitum t.d. að raddað s, [z], kemur ekki fyrir í íslensku, þótt það komi fyrir í ensku og þýsku; og íslenska hefur ekki heldur frammelt, nálaðt, kringt sérhljóð, [y], þótt það komi fyrir í dönsku og þýsku. Ef við tökum inn í málid orð sem hafa að geyma þessi hljóð í upphaflega málínu, setjum við í staðinn þau hljóð íslensk sem líkfjast þeim mest. Þannig setjum við [s] í stað [z], því að þær munar aðeins rödduninni; og við setjum [i] í stað [y], því að þær munar aðeins kringingunni.

Venslin milli einda kerfisins eru einkum tvenns konar; **staðvensl** og **raðvensl**. Með staðvenslum er átt við tengsl milli hljóða í ákveðnu umhverfi (þ.e. tengsl við þau hljóð sem geta eða geta ekki komið fyrir í sama umhverfi), en raðvensl tákna tengsl milli hljóðanna í ákveðinni hljóðaröð. Í orðinu sel eru t.d. staðvensl milli [e] og annarra hljóða sem geta komið fyrir í sama umhverfi, s.s. [au], [ou], [ø]. Aftur á móti eru raðvensl milli [e] og milli [e] og [i].

Raðvensl eru viðfangsefni **hljóðskipunarfræðinnar**<sup>1</sup> sem athugar hvernig dreifing hljóða í málínu er; hver þeirra geta staðið í framstöðu, innstöðu og bakstöðu (þ.e. fremst í orði, inni í orði og í enda orðs), með hvaða öðrum hljóðum þau geta staðið o.s.frv. Hvert mál hefur sínar sérstökum **hljóðskipunarreglur**, sem segja til um hvaða hljóðasambönd séu leyfileg. Um hljóðskipun íslensku er fjallað í 2.2.

En meginviðfangsefnið hér eru staðvensl; skipti eða breytingar sem verða á hljóðum eftir breytingum á umhverfi. Vegna þess að íslenska er mikið beygingamál, er nóg af slíkum víxlum að finna. Lítið t.d. á sagnirnar liggja og leggja; þeidi hljóðfræðileg líkindi og merkingarskyldileiki þeirra sýna okkur að þær hljóða að vera af sömu rót. Þær höfum við víxl

<sup>1</sup> Langitarlegustu lýsinguna á hljóðskipun íslensku er að finna hjá Sigurði Konráðssyni (1980).

milli [ʃ:] (leggja, liggja), [ð:] (legg, ligg), [t] (legði), [x] (lagt), [j] (legið), og raunar líka Ø (ekki neitt) (lå). En staða þessara hljóða í hljóðkerfinu er mismunandi, eins og við eignum eftir að sjá; sum þeirra koma aðeins fyrir í afmörkuðu umhverfi, þar sem sum önnur koma ekki fyrir. [x] og [y] koma t.d. aldrei fyrir í sama umhverfi, en [y] getur hins vegar komið fyrir í sama umhverfi og beði [ð] og [j]. Barna eru því mismunandi staðvensl á milli. Gert er ráð fyrir að svonefnar hljóðkerfisreglur stjórnviðum milli hljóða; þær verða teknar fyrir í 4., 5. og 6. kafla.

Hljóðkerfi tveggja mála geta því verið ólfk beði hvað varðar eindirnar í þeim og venslin milli eindanna. Yfirleitt er munur á hvort tveggja; en tvö mál sem hafa alveg sömu eindir geta haft gerólfk hljóðkerfi vegna þess að vensl eindanna eru mismunandi.

## 1.2 Grundvallarhugtök

### 1.2.1 Hljóðan og hljóðbrigði

Grundvallareining hljóðkerfisfræðinnar er **hljóðan** (fónem). Hin hefðbundna skilgreining þess er á þessa leið:

#### (1) Hljóðan er minnsta merkingargreinandi eining málsins

Hvað merkir þetta? Við minntumst áður á muninn á hljóðfræði og hljóðkerfisfræði, og sögum þar að hljóðkerfisfræðin fengist aðeins við merkingargreinandi mun. Ef við lítum á orð eins og sel [se:] og söl [sö:l], þá sjáum við að eini munur þeirra felst í sérhljóðinu; beði hafa [s] í framstöðu og [l] í bakstöðu. Nú vitum við vel að orðin tvö merkjia ekki það sama. Merkingarmunurinn hlýtur þá að stafa af mismun sérhljóðanna, fyrst samhljóðin eru þau sömu. Þar af leidir að munur [e:] og [ö:] er merkingargreinandi, og þess vegna segjum við að [e:] og [ö:] séu merkingargreinandi eindir eða **hljóðön** í íslensku. Raunar er vaninn að nota hornklofa aðeins þegar talað er um **málhljóð**, en hafa hljóðön innan skástrika; þess vegna er réttari framsetning að /e/ og /ö/ séu hljóðön í íslensku.

Athugið samt að munur hljóðana og málhljóða felst ekki bara í því að hljóðönnin séu alltaf merkingargreinandi eindir, en málhljóðin þarf ekki að vera það. Hljóðönnin eru eindir af allt öðru tagi en málhljóðin. Málhljóðin eru það sem við heyrum, það er hegt að taka þau upp á segulband, mala lengd þeirra, styrk, tóftni o.s.fr.v.; sem sagt, skoða þau með aðferðum raunvisindanna. Síkt er aftur á móti alls ekki hegt að gera við hljóðön, því að þau eru **huglægar** (abstrakt) eindir í hljóðkerfi málsins

<sup>1</sup> Dæmi um þessa skilgreiningu má t.d. finna hjá Magnúsi Péturssyni (1978:23).

- eindir sem aðeins verða fundnar með því að skoða venslin milli hljóða málsins. Áður var drepið á að tvö mál, þar sem súmu málhljóð eru notað, geta haft gerólfkt hljóðkerfi, vegna þess að venslin milli eindanna eru mismunandi. Hljóðin [l] og [r] eru til þess í íslensku og japónsku, en stada þeirra f hljóðkerfi málanna er ekki sú sama. Í íslensku eru þetta tvö mismunandi hljóðön, /l/ og /r/, eins og sést t.d. á orðunum lifa og rifa, sem ekki merkja það sama. Í japónsku myndast aftur á móti aldrei merkingargreinandi andstæða milli hljóðanna tveggja, heldur kemur [r] fram við ákveðnar aðstæður, en [l] við aðrar. Þau eru því talin þar til sama hljóðans. En þessi munur á stöðu hljóðanna í hljóðkerfinu verður auðvitað hvorki veginn né meldur.

Af því sem að framan er sagt að vera ljóst, að við **heyrum** aldrei hljóðön - það er alveg útilokað, þar eð þau eru huglaðar eindir, sem eðli málsins samkvæmt eru óheyranlegar. Það sem við heyrum eru **málhljóðin**, sem eru **fulltrúar** eða **birtingarform** hljóðananna. Í orðinu sel er [e:] því birtingarform hljóðansins /e/. Hvert hljóðan hefur í raun og veru óteljandi mörg birtingarform, því að eins og áður er sagt eru engin tvö tilvik "sama" hljóðs nákvæmlega eins. Hins vegar er ekki vaninn að tala um mismunandi birtingarform nema munurinn sé vel heyranlegur. Ef við höldum áfram með orðið sel, þá sjáum við að eignarfall þess er borið fram [sels], með stuttu [e] í stað langa. Þarna er því strangt tekið ekki um sama hljóðið að ræða; hins vegar getum við alegið því fóstu að það sé sama hljóðanið, því að merkingin 'sel' helst óbreytt (þótt eignarfallsmerkingin bætist auðvitað við með -s- inu). Við höfum þá fundið að hljóðanið /e/ hefur a.m.k. tvö mismunandi birtingarform sem er vel heyranlegur munur á, [e] og [e:]. Sílik mismunandi birtingarform sama hljóðans eru kölluð **hljóðbrigði** (allófónar). Hljóðbrigði eru því **málhljóð**, hinár heyranlegu og mælanlegu eindir; þau eru fulltrúar eða birtingarform hljóðananna, sem eru hinár huglaðu eindir hljóðkerfisins.

### 1.2.2 Fyllidreifing - frjáls dreifing

Til þess að hegt sé að telja tvö málhljóð hljóðbrigði eins og sama hljóðans, verða þau að vera annadhvort í fyllidreifingu eða **frjálsri dreifingu**. Með fyllidreifingu er átt við það, að hljóðbrigðið A komi aðeins fyrir í umhverfi þar sem hljóðbrigðið B kemur ekki fyrir, og öfugt. [e] kemur (yfirleitt) aðeins fyrir á undan tveimur samhljóðum, [e:] aðeins á undan einu eða engu; hljóðin eru því í fyllidreifingu, og geta talist til sama hljóðans, /e/. Vegna þess að umhverfið ræður því hvort afbrigðið er notað, eru [e] og [e:] kölluð **stöðubundin afbrigði hljóðansins** /e/. Á sama hátt eru hljóðin [x] og [r] í fyllidreifingu; [x] komur aðeins fyrir

á undan samhljóðum, [ɣ] aðeins á undan sérhljóðum og [r]. Þau geta því talist hljóðbrigði eins og sama hljóðans, /x/ eða /ɣ/, og eru stöðubundin afbrigði þess. (Athugið að ekki skiptir máli hvernig hljóðanið er táknað, því að það er huglagt eind en ekki hljóð.)

Frijáls dreifing táknað aftur á móti að tvö hljóð geti staðið í sama umhverfi án þess að skipti á þeim hafi nokkra merkingarbreytingu í fór með sér. Þeir sem eru kverkmeltir (skrolla) setja úfmelt sveifluhljóð, [R], í staðinn fyrir venjulegt tungubroddshljóð, [r]; en þetta veldur yfirleitt ekki neinum misskilningi, vegna þess að [R] ruglast ekki saman við neitt annað. Við getum því sagt að [r] og [R] séu í frjálsri dreifingu í íslensku. Athugið þó að í þessu tilviki er það aðeins frá málfræðilegu sjónarmiði sem dreifingin er frjáls; frá félagslegu sjónarmiði er hún það ekki, því að kverkmeli þykir talgalli, sem leitast er við að laga. En það sem skiptir okkur máli er að víxlin breyta engu um merkinguna.

Ef tvö hljóð standa hvorki í fyllidreifingu né frjálsri dreifingu, verða þau að teljast afbrigði mismunandi hljóðana. Þannig er það með sérhljóðin f sel og söl; þau eru greinilega ekki í fyllidreifingu, því að umhverfið er hið sama, [s\_l]; og dreifingin er ekki heldur frjáls, því að merkingin breytist við umskipti.

Athugið að oft eru tvö hljóð notuð til skiptis í ákveðnum orðum án þess að hægt sé að telja þau afbrigði sama hljóðans; þar er um að ræða hlutleysta andstæðu, sem fjallað verður um í 1.2.4.

### 1.2.3 Lágmarkspör - umskiptaraðir

Þetta leiðir okkur að einni helstu aðferð sem notuð er til að finna hljóðönin í ákveðnu máli; það er aðferð **lágmarksparanna**. Lágmarkspar er myndað af tveimur orðum, þar sem öll hljóðin eru þau sömu nema eitt, eins og í orðunum sel og söl. Ef merkingarmunur er á sílum orðum, òtti að vera nokkuð öruggt að hann stafar af því sem munar á orðunum, en felst ekki í því sem er sameiginlegt. Best er ef hægt er að finna mörg orð, hvort með sinni merkingu, þar sem mörg mismunandi hljóð koma fyrir í sama umhverfi; það eru kallaðar **umskiptaraðir**. Ómli um sílka röð er síli - síli - seli - sali - sóli - sóli. Þarna höfum við fengið afbrigði 7 mismunandi hljóðana, fyrst merkingin breytist alltaf. En nokkur sérhljóð koma ekki fyrir í þessu umhverfi, t.d. [y], [u] og [o]; þannig að þessi umskiptaröð útilokar ekki þann möguleika að t.d. [u] sé í fyllidreifingu við [i], þannig að [u] komi aldrei fyrir á milli [s] og [i] - þar komi bara [i]. Það er þó fljóttlegt að hafna þessum möguleika með því að benda á lágmarksparið síla - súla, sem sýnir að [i] og [u] geta ekki verið afbrigði sama hljóðans.

Athugið að sé þessari aðferð fylgt strangt eftir, nágir eitt lágmarkspar til að ekki sé hægt að tala um tvö hljóð sem hljóðbrigði í fyllidreifingu. Þannig er [ŋ] oftast í fyllidreifingu við [n], og kemur aðeins fyrir á undan [ð] og [kʰ], þar sem [n] kemur ekki fyrir. Því metti virðast að hægt væri að greina þessi hljóð sem hljóðbrigði sama hljóðans. En það sem gerir slika greiningu hæppna er að ef annað samhljóð kemur á eftir, fellur [ð] yfirleitt brott á eftir [ŋ]; og þá fáum við lágmarkspör in væns [vains] af vann : vængs [vainjs] af vængur; leyndi [leindl] af leyna : lengdi [leindl] af lengja, og nokkur fleiri. Þarna er heyranlegur munur, og einnig merkingarmunur, svo að ekki verður hjá því komist að greina það /n/ og /ŋ/ sem hljóðön í fslensku.

Annars er spurning hversu mikil eigi að byggja á lágmarksparaaðferðinni; þ.e. hvort eigi að láta tilvist lágmarkspara ráða því algerlega hvort tvö hljóð eru greind sem afbrigði sama hljóðans eða ekki. Stundum er hægt að finna lágmarkspör með því að búa til ný samsett orð, eða jafnvel með því að bera saman heilar setningar - lágmarkspör sem aldrei koma fram í einstökum orðum. Uppgómmtlu önghljóðin [x] og [ɣ] eru t.d. alitaf talin hljóðbrigði sama hljóðans, enda í algerri fyllidreifingu ef litid er á einstök orð. En í setningunum Menn sem eiga að kunna og Menn sem eitthvað kunna getur komið fram lágmarkspar peirra, [eixað] : [eixað], hjá þeim sem hafa svonefndan hv-framburð.<sup>1</sup> Venjan er þó sú að taka ekki tillit til sliksra dama.

En þótt tvö hljóð standi í fyllidreifingu, og ekkert lágmarkspar peirra sé finnanlegt, táknað það ekki að þau séu endilega talin til sama hljóðans. Milli [þ] og [ð] í fslensku er ekkert lágmarkspar að finna, enda hafa þau yfirleitt verið greind sem hljóðbrigði sama hljóðans. En nú er vanalega gert ráð fyrir að hægt sé að setja reglu um dreifingu hljóðbrigða sama hljóðans; segja t.d. að [þ] komi fyrir í framstóðu, en [ð] í innstöðu. Málið er þó ekki svo einfalt, því að t.d. á milli [l] og [ð] koma það fyrir; liðka [lɪðka] og ryðga [rɪðga]. Þar er því ekki hægt að setja neina almenna reglu um dreifinguna, og við getum halddi því fram að það sé bara tilvilkum að ekkert lágmarkspar sé til.<sup>2</sup> Hér verða þó [þ] og [ð] greind sem hljóðbrigði sama hljóðans í samræmi við venju.

Annars konar dæmi um að fyllidreifing negi ekki til að tvö hljóð séu talin til sama hljóðans má taka af hljóðunum [x] og [ŋ]. Þau standa í algerri fyllidreifingu í fslensku, koma aldrei fyrir í sama umhverfi. Þetta eru þó svo ólík hljóð, að ófýsilegt er að telja þau til sama hljóðans. Því er sett upp eftirfarandi regla:

<sup>1</sup> Þetta dæmi er tekið frá Ara Páli Kristinssyni (1982:14).

<sup>2</sup> Á þetta bendir t.d. Árni Böðvarsson (1975:110), sem telur /þ/ og /ð/ tvö hljóðön.

(2) Tvö hljóð má því aðeins greina sem hljóðbrigði sama hljóðans að þau eigi eitthvað sameiginlegt sem greini þau frá öllum öðrum hljóðum málsins

Þessu skilyrði fullnægja [x] og [ŋ] greinilega ekki; það eina sem þau eiga sameiginlegt er að vera uppgómmt samhljóð, en þau eru auðvitað ekki ein um það. Þess vegna greinum við þau sem afbrigði tveggja hljóðana, /x/ og /ŋ/. Þessi regla á eftir að koma okkur að góðu gagni hér í næsta kafla, þegar við fórum að greina hljóðun í íslensku.

#### 1.2.4 Tegundir andstæðna

Bótt tvö hljóð myndi merkingargreinandi andstæðu, og verði því að teljast til tveggja mismunandi hljóðana, er rétt að átta sig á því að þessar andstæður eru mjög mismunandi að eðli.<sup>1</sup> Gerður er munur á *tvíhlíða* og *marghlíða* andstæðum. Milli /f/ og /v/ er t.d. *tvíhlíða* andstæða, vegna þess að það sem þeim er sameiginlegt (þ.e. að vera tannvaramelt önghljóð) kemur ekki fyrir hjá neinum öðrum hljóðum í hljóðkerfinu. Hins vegar er andstæðan milli /f/ og /s/ *marghlíða*, vegna þess að sameiginlegir eiginleikar þeirra (að vera órödduð önghljóð, mynduð framarlega í munni) koma líka fyrir í /p/. Oft eru mikil víxl milli hljóða sem mynda *tvíhlíða* andstæðu (t.d. milli /f/ og /v/ í hafði [havðI] - haft [hafð]; en sjaldan milli hljóða sem mynda *marghlíða* andstæðu).

Önnur flokkun andstæðna er í *einangráðar* og *hlutfallsbundnar*. Andstæða er hlutfallsbundin ef hægt er að finna fleiri en eitt par þar sem liðirnir eru aðgreindir á sama hátt. Þannig er t.d. andstæðan /p/ - /b/ í íslensku hlutfallsbundin, því að sams konar aðgreining (fráblásturstílus) finnst líka í þórunum /t/ - /d/, /c/ - /ɟ/, og /k/ - /g/. Andstæðan milli /p/ og /l/ er hins vegar einangráð, því að í engu öruru pari eru liðirnir greindir að á sama hátt. Oft er talið að mál hafi tilhneigingu til að fjölga hlutfallsbundnum andstæðum, og fá þannig meira samræmi í hljóðkerfið; þannig gætum við hugsað okkur að vegna þess að í íslensku verður að gera ráð fyrir baði /f/ og /v/ sem hljóðönum, metti búast við að |þ| og |ð| yrðu líka baði sjálfstæð hljóðön, því að munurinn er hinn sami og á /f/ og /v/ (raddleysi - röddun).

Andstæður eru einnig flokkaðar eftir nýtingu sinni í algildar og *sumgildar*. Algildar andstæður eru þær sem alltaf geta komið fram, í hvaða stöðu sem er. Þannig er t.d. með andstæðuna milli [au] og [ei] í íslensku; þau mynda andstæðu í framstöðu (ás - eys), innstöðu (máni - meini) og bakstöðu (grá - grey). Aftur á móti mynda /p/ og /b/ varla andstæðu nema í

<sup>1</sup> Þessi flokkun andstæðna er algerlega tekin frá Trubetzkoy (1939); einnig er stuðst við þýðingu Álfheiðar Kjartansdóttur (1983).

framstöðu (pera - bera); á eftir órödduðum hljóðum kemur aðeins [þ] fyrir (spara [sþa:ra], hempa [hembɑ], opna [oþþna]). Í innstöðu á undan sér-hljóðum og /r/, svo og í bakstöðu, er notað ýmist [ph] eða [h] eftir mállyskum (og oft sitt á hvað í máli sama manns; tapa [tʰa:pʰa] eða [tħa:hɑ], ráp [rau:pʰ] eða [rau:h]); en það skiptir ekki máli fyrir merkinguna hvort er notað. Andstöðan /p/ - /b/ er því sumgild, og er hlutleyst eða upphafin allis staðar nema í framstöðu (nema hvað hugsanlegt er að þeir sem hafa raddaðan framburð geri mun í bakstöðu á eftir /m/ { orðum eins og kamp og kamb).<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Sjá t.d. Magnús Pétursson (1976:60); Höskuld Þráinsson (1977); og Baldur Jónsson (1982).

## 2. ÍSLENSKT HLJÓÐKERFI OG HLJÓÐSKIPUN

### 2.1 Hljóðön f íslensku

#### 2.1.1 Hljóðtákna sem notuð eru

Nú erum við komin að því að athuga hvaða eindir sér að finna í íslenska hljóðkerfinu. Við venjulega (grófa) hljóðritun íslensku eru notuð þessi tákna:

(1)a

SAMHLJÓÐ<sup>1</sup>

	Myndunarháttur		Myndunarstaður			
	varir	tennur/ tannberg	fram- gómur	upp- gómur	radd- bönd	
lokhljóð	fráblásið	p <sup>h</sup>	t <sup>h</sup>	c <sup>h</sup>	k <sup>h</sup>	
	áfráblásið	b <sup>h</sup>	d <sup>h</sup>	g <sup>h</sup>		
öngihljóð	óraddað	f	p / s	ɸ	x	
	raddað	v	ð	j	z	
nefhljóð	óraddað	m <sup>h</sup>	n <sup>h</sup>	ɲ <sup>h</sup>	ŋ <sup>h</sup>	
	raddað	m	n	ɲ	ŋ	
hliðarhljóð	óraddað		l <sup>h</sup>			
	raddað		l			
sveifluhljóð	óraddað		r <sup>h</sup>			
	raddað		r			

b

SÉRHLJÓÐ - einhljóð

	frammeilt		uppmælt	
	ókringt	kringt	ókringt	kringt
nálegt	panið	i		u
	slakt	I	Y	
miðlegt		e		o
fjarlegt		ö	á	

<sup>1</sup> Uppsetning þessarar töflu er tekin frá Kristjáni Árnasyni (1980b:101).

		SÉRHLJÓÐ - tvíhljóð
	Fyrri hluti	Seinni hluti
nálagt	frammelt ókringt	II
nálagt	frammelt kringt	Yi
	uppmelt kringt	ui
miðlagt	frammelt ókringt	ei
miðlagt	uppmelt kringt	oi
fjarlagt	frammelt kringt	öi
fjarlagt	uppmelt ókringt	ai
		au

### 2.1.2 Lokhljóð

En hverjar þessara einda eru hljóðön? Það er kannski ekki til neitt einhlið svar við þeiri spurningu, en við skulum samt reyna að komast eitthvað áleidis. Byrjunum þá á lokhljóðunum. Það er fljóttlegt að ganga úr skugga um að engin tvö peirra geta verið afbrigði (hljóðbrigði) sama hljóðans. Hægt er að finna ýmsar umskiptaraðir þar sem flest þeirra eða öll koma fyrir: póla - bóla - tóla - dóla - kjóla - gjóla - kóla - góla. Hér vantar ekkert; að vísu er dæmið kóla e.t.v. vafasamt, en hægt er að bæta það upp með öðrum umskiptaröðum þar sem flest hljóðin koma fyrir.

En eru einhver lokhljóðanna í fyllidreifingu við önghljóð? Yfirlieitt gildir það (þótt frá því séu undantekningar) að því líkari sem tvö hljóð eru, þeim mun líklegrí eru þau til að vera í fyllidreifingu. Við skulum því beina athyglinni að tengslum lokhljóða við önghljóð með sama myndunarstað. Ef við lítum fyrst á varahljóðin, þá er ljóst að lokhljóðið [b] og önghljóðið [v] skiptast oft á í beygingarmyndum sama orðs: trefill [tʰre:vl̥ɪl̥] - trefilar [tʰre:vl̥ɪl̥aɹ], gáfa [gau:və] - gáfna [gau:vna]. Manni gæti því dottið í hug að [v] og [b] væru hljóðbrigði í fyllidreifingu; [v] kanni fram á undan sérhljóðum, en [b] á undan [l] og [n]. En þetta er ekki rétt, þegar betur er að gáð, því að hægt er að finna mörug lágmarkspör [v] og [b]: vara - bara, vita - bita, væla - bæla, o.s.frv. Hér er því um sjálfstæð hljóðön að ræða. Einnig er auðvelt að finna lágmarkspör milli [b] og óráddaða varamelta önghljóðsins, [f]: beit - feit (- veit); blaut - flaut o.s.frv. Í harðmælisframburði má líksa finna dæmi um víxl [ph̥] og [f], sem bent gæti til að þau væru hljóðbrigði í fyllidreifingu; skip [sɸɪpʰ] - skips [sɸɪps]. En lágmarkspör eru pó auðfundin; púla - fúla; plata - flata. Og enn fremur eru til umskiptaraðir með varameltu lok-

önghljóðunum fjórum: pfla - bíla - fíla - víla; pesti - besti - festi - vesti. Það er því óhett að slá því fóstu, að þetta séu fjögur hljóðan.

Ólklegt er að finna megi fyllidreifingu milli varameltra lokhljóða og önghljóða með einhverjum öðrum myndunarstað; en til öryggis skulum við sýna umskiptaraðir þar sem sést að ekkert hinna önghljóðanna er í fyllidreifingu við [b] eða [ph]: pól - ból - sól - hjól - jól - hól; sýpur - sýdur - sýgur; pakka - bakka - pakka - sakka - hakka; labbs - lax.

Einnig er hægt að finna lágmarkspör milli [ph] og [b] annars vegar og hliðar- og sveifluhljóða og (sumra) nefhljóða hins vegar, og skal hér sýnd ein umskiptaröð: pfná - Bfná - lfná - rýna - mfná - Nfná. Hins vegar eru ekki til lágmarkspör milli [ph] og [b] annars vegar og [v] og [ŋ] hins vegar, nema í samsettum orðum; en vegna reglu (2) í 1. kafla er ekki hægt að gera þar ráð fyrir hljóðbrigðum sömu hljóðana.

Líttum þá næst á tannbergsmæltu lokhljóðin. Ýmiss konar víxl eru milli þeirra og samsvarandi önghljóða. Negir þar að benda á að þegar 2. pers. fn. þú er skeytt aftan við sagnstofn í boðhætti verður það ýmist -tu, -du eða -ðu, allt eftir gerð sagnstofnsins. Lágmarkspör eru samt auðfundin, sem sýna að önghljóðin verða ekki greind sem hljóðbrigði af lokhljóðunum: tfná - dýna - þfná; tóra - Dóra - Þóra; lifa - lífða; braut - braud. Og umskiptaraðir með öðrum önghljóðum: tmá - dæla - fela - vela - sala - hala; tóla - dóla - sóla - hjóla - jóla; víta - vígja - víga; stadds - stakks. Að lokum umskiptaraðir með nefhljóðum, hliðar- og sveifluhljóðum: týna - dýna - lína - rýna - mína - Nfná; tugga - dugga - rugga - mugga - nugga.

Framgömmelt lokhljóð taka þátt fyrir óhettum umskiptaröðum, sem sýna að þau eru ekki hljóðbrigði sömu hljóðana og einhver önghljóð: kara - gera - fara - vera - sera - hera; keli - gali - feli - veli - seli - heli; kjós - gjós - jós; víkja - viða - vígja - víga; kjá - gjá - fá - vá - þá - sá - já - hjá - há. Erfitt er að finna lágmarkspör milli framgömmaltu lokhljóðanna annars vegar og [x] hins vegar, því að þau fyrрnefndu koma ekki fyrir á undan samhljóði, en [x] kemur yfirleitt aðeins fyrir á undan samhljóði. Þó má finna lágmarkspör í hv-framburði: ker - ger - hver [xe:r]. Og að lokum: Kfná - gína - lína - rýna - mína - Nfná; kjá - gjá - rá - lá - má - ná.

Þá er komið að uppgömmeltum eða góðillumeltum lokhljóðum, þar finnum við mjög mikil víxl við samsvarandi önghljóð; saga - sagna, vaka - vakti; og einnig við framgömmelt önghljóð og lokhljóð; liggja - legg - legið. En þarna má þó finna lágmarkspör: saka - saga; sfa - síga; leggs - legs. Raunar er eðli lágmarksparsins saka - saga ekki alveg á hreinu; þ.e., er það lágmarkspar milli [kʰ] og [v] eða milli [ð] og [v]? Það fer eftir því hvort við erum að skoða sunnlensku eða norðlensku; en í norð-

lensku er varla hegt að finna lágmarkspar milli [ð] og [r], og í sunnlenstu varla milli [kh] annars vegar og [r] og [x] hins vegar. Það er þó varla hegt að greina [kh], [r] og [x] sem hljóðbrigði sama hljóðans, því að þau eiga ekki sameiginlegt sem greini þau frá öllum öðrum hljóðum.

Lágmarkspör við önnur önghljóð er yfirlleitt hegt að finna: kala - gala - fala - vala - sala - halal; ká - gá - fá - vá - pá - sá - já - hjá - há; taka - taða. Einnig við nefhljóð, hliðar- og sveifluhljóð; ké - gá - lá - rá - má - ná.

### 2.1.3 Önghljóð

pá eru við komin að önghljóðunum. Við eru búnir að sýna fram á að ekki er lfklegt að neitt þeirra sé hljóðbrigði af sama hljóðani og eitthvert lokhljóðanna, þannig að við þarfum ekki að líta á lokhljóðin hér. En hvernig er með samband önghljóðanna innbyrðis? Líttum fyrst á varameltu önghljóðin, [f] og [v]. Greinilegt er að þau tilheyrir sínu hljóðanu hvort, eins og lágmarkspörin fara - vara, falla - valla og for - vor sýna. Og líttum svo á samband þeirra við önnur önghljóð; þar höfum við umskiptaraðir eins og fá - vá - pá - sá - hjá - já - hvá (f ókringdum hv-framburði) - há; sófa - sóða - sósa; stafa - staða - staga; sleppti - slekti. Þarna vantár lágmarkspör milli [f] og [v], og milli [v] og [x]; en engin ástæða er þó til að telja að þær sé um að ræða hljóðbrigði sömu hljóðana, vegna þess sem regla (2) í 1. kafli segir. Auðvelt er einnig að sýna umskiptaröð með nefhljóðum, hliðar- og sveifluhljóðum; fá - vá - lá - rá - má - ná.

Nest eru það [þ] og [ð]. Frá því er skemmtist að segja, að milli þeirra er ekki lágmarkspar að finna. Við höfum vixl milli þeirra í þessum smáorðum eins og bú, það, þetta, sem byrja á [þ] í áherslu, en [ð] í áhersluleysi; en merkingin er sú sama. En yfirlleitt kemur [þ] aðeins fyrir f framstöðu, en [ð] f innstöðu ([þ] kemur fyrir f innstöðu f nokkrum tökuorðum eins og þepna og kapólskur, og líka á undan [ð] f sunnleneskum framburði orða eins og maðkur [maðgýr]). f bakstöðu orða eins og tað, hlað, það er röddunarstigið á reiki, en það skiptir ekki mali fyrir merkinguna. Við getum því greint [þ] og [ð] sem hljóðbrigði eins og sama hljóðans, sem við táknum hér /þ/ (en mætti að vísu alveg eins tákna /ð/).

Hér hafa verið sýnd lágmarkspör við varameltu önghljóðin, og að nokkru leyti við önnur líka; en þáta má við leida - leigja - leige; veds - vax. Ekkert lágmarkspar er milli [ð] og [ç], en hins vegar eru lágmarkspör milli [þ] og [ç], þá - hjá, þér - hér; og það dugir til að sýna að [ð] og [ç] geta ekki verið hljóðbrigði sama hljóðans, því að ekki hljóð getur verið hljóðbrigði af fleiri en einu hljóðani. [ð] hlýtur að vera hljóð-

brigði af /þ/; og búið er að sýna fram á aðgreiningu [þ] og [ç]. Lágmarksþær við nefhljóð, hliðar- og sveifluhljóð eru svo auðfundin; pá - lá - rá - má - ná; víða - vfla - víra - víma - vína.

Pá er það [s]. Auðvelt er að finna lágmarkspar milli [s] og næstum hvaða samhljóðs sem er. Við erum búin að líta á hin tannbergsmaltu önghljóðein, svo og þau varameltu; og einnig hefur komið fram að [s] tekur þátt í umskiptaröðinni á undan [au]. Til viðbótar má nefna væsa - væða - væga; hæst - hökt. Og svo nefhljóð, hliðar- og sveifluhljóð; til viðbótar röðinni á undan [au] má nefna feyskinn - fenginn; gáski - gangi.

[j] og [ç] tilheyra ekki sama hljóðaninu, eins og lágmarkspórin hjá - já, hjól - jól o.fl. sýna. Þá er aðeins eftir að bera þau að uppgóm-maltu önghljóðunum og [h]. Milli [s] og [j] eru til lágmarkspör; rýjur - rýgur, vægja - væga. Önnur lágmarkspör er ekki að finna við uppgóm-maltu önghljóð (nema já - hjá - hvá í ókringdum hv-framburði). Það er þó hægt að sýna fram að ekki er eðlilegt að telja [r] eða [x] hljóðbrigði af /ç/, né [x] hljóðbrigði af /j/. Við komum að því hér á eftir. Lágmarkspör við [h] eru svo auðfundin; hjá - já - há; hjól - jól - hól. Sömuleiðis lágmarkspör við nefhljóð, hliðar- og sveifluhljóð, eins og Þóur hefur komið fram; hjá - já - lá - rá - má - ná.

Og þá er komið að uppgóm-maltu önghljóðunum. Það er ekki hægt að finna nein lágmarkspör milli [x] og [ç], því að [x] kemur bara fyrir á undan örrodduðum samhljóðum ([s] og [ð]) (og í framstöðu á undan sérljóðum í ókringdum hv-framburði), en [ç] kemur bara fyrir í innstöðu á undan sérljóðum og rödduðum samhljóðum. [x] og [ç] eru því í fyllidreifingu, og þau eiga það sameiginlegt að vera uppgóm-malt önghljóð, sem nægir til að greina þau frá öllum öðrum hljóðum. Við segjum því að þau séu hljóðbrigði sama hljóðans, /x/. Og þá sjáum við hvers vegna það gerir ekki svo mikil til að engin lágmarkspör finnast milli [ç] og [x] eða [ç]; um leið og búið er að greina eittkvært hljóð sem hljóðbrigði af einhverju hljóðani, er jafnframt búið að útiloka að það sé hljóðbrigði af öðru hljóðani. [x], [ç] og [ç] eiga ekkert sameiginlegt sem greini þau frá öllum öðrum hljóðum málssins.

Að lokum er það [h]. Umfjöllun um það má hafa stutta, því að hér að framan hafa verið sýndar umskiptaraðir sem sýna að [h] er í andstöðu við öll önnur samhljóð málssins.

## 2.1.4 Hliðarhljóð, sveifluhljóð, nefhljóð

Þá getum við snúið okkur að hliðar- og sveifluhljóðum. Þau eru fjögur, eins og Þóur sagði; [j], [l], [ç] og [r]. Það hefur komið fram Þóur að andstæða er milli [l] og [r], svo og milli þeirra tveggja og hvaða

annars samhljóðs sem er; svo að spurningin hér er þá hvort órödduðu hljóðin séu sérstök hljóðön eða hljóðbrigði af þeim sömu og þau rödduðu. Það er hægt að finna lágmarkspör þarna á milli; halda [halða] - halta [halða]; orga [orða] - orka [orða]. Athugið að þótt samkvæmt stafsetningunni felist munurinn þarna í lokhljóðunum, er eini hljóðfræðilegi munur ordanna á [l]/[r] annars vegar og [l]/[r] hins vegar; því að öll lokhljóð eru ófráblásin á eftir órödduðum hljóðum. Því er ekki um annað að reða en telja hér fjögur hljóðön; /l/, /r/, /r/ og /r/.

Spipuðu málí geynir um nefhljóðin. Við höfum pör eins og kemba [kʰembɑ] - kempa [kʰembɑ] og vanda [vanda] - vanta [vanda], þar sem eini munurinn felst í rödduninni. Við verðum því að segja að /m/, /ŋ/, /n/ og /ŋ/ séu öll sjálfstæð hljóðön. En hvað um framgömmeltu og uppgömmeltu nefhljóðin? Ekki er hægt að finna meitt lágmarkspar milli [n] og [ŋ], né milli [ŋ] og [ŋ]; fyrra hljóðið í hvoru pari kemur aðeins fyrir á undan gómmeltum lokhljóðum ([cʰ] og [tʃ]) þar sem það seinna kemur aldrei fyrir; hins vegar eru lágmarkspör til milli [n] og [ŋ]; bangi [baŋgɪ] - banki [baŋkɪ]. Því verður að greina [ŋ] sem hljóðbrigði af /n/, og [ŋ] sem hljóðbrigði af /ŋ/.

Um uppgömmeltu nefhljóðin geynir nokkuð öðru málí. Það er ljóst að þau tilheyra sittþvoru hljóðaninu, eins og lágmarksparið ranga [rauŋða] - ranka [rauŋða] sýnir. En eru þau einnig hljóðbrigði af /n/ og /ŋ/ í fljótu bragði gæti svo virst, því að yfirleitt koma þau aðeins fyrir á undan uppgömmeltum lokhljóðum; en í samhljóðaklösum geta lokhljóðin fallið brott á undan samhljóðum, og þá koma upp lágmarkspör eins og vans [vains] - vangs [vaings], leynt [leind] - lengt [leifju]. Ef nota á lágmarksparaðferðina á annað borð, er því ekki um annað að reða en segja að /ŋ/ og /ŋ/ séu sérstök hljóðön.

### 2.1.5 Sérhljóð

Það eru það sérhljóðin. Tvíhljóðin [Ii], [Yi], [ui] og [oi] hafa þar sérstöðu; það er fljótlegt að sýna fram á að þau eru ekki fulltrúar sjálfstæðra hljóðana, heldur í fyllidreifingu við [I], [Y], [u] og [o]. Tvíhljóðin koma bara fyrir þar sem skrifat er -gi-, en borið fram [jI]; og í þeiri stöðu koma tilsvarandi einhljóð aldrei fyrir (nema hjá sumu fólk í suðaustanlands, en það fólk hefur þá ekki tvíhljóðin í málí sínu). Hljóðönnin /I/, /Y/, /u/ og /o/ hafa því hvert um sig tvö hljóðbrigði; tvíhljóð sem kemur fram á undan [jI], og einhljóð sem kemur fram annars.

Það er tiltölulega einfalt að sýna fram á að hin tvíhljóðin og öll einhljóðin eru sérstök hljóðön; við skulum byrja á langri umskiptaröð: riða - riða - reða - reða - ruða - ruða - roða - reiða - reða - raða -

ráða - röða. Hér vantar aðeins [ð], sem kemut í næstu röð: lygum - legum - lögum - lugum - lägum - logum - leigum - laugum - lögum - lägum. Í þessa röð vantar [i], [a] og [ai], svo að nū þarf að finna röð þar sem koma saman öll hljóðin sam vantar í aðra hvora röðina. Sú röð er svona: víl - víl - vel - val - völ - vol - veil - vel.

Þar með er búið að sýna að öll pessi sérhljóð eru hljóðön. Þess gerist ekki þörf að setja upp lágmarspör milli sérhljóða og samhljóða; það er yfirleitt greinilegt að þar er ekki um hljóðbrigði sama hljóðans að ráða. Fini staðurinn þar sem mjótt er á munum er milli [i] og [j]; en þó virðist augljóst að þau tilheyra ekki sama hljóðani. [j] í framstöðu stuðlar t.d. ekki við sérhljóð í nútímmáli (þótt það gerði það f fornú mál).

Öll sérhljóðin nema [i:], [y:], [ui], [oi] geta komið fyrir baði läng og stutt, þótt öll dæmin hér hafi verið tekin af längum sérhljóðum. Längu og stuttu afbrigðin standa í fyllidreifingu, þannig að þau längu koma fyrir á undan einu eða engu samhljóði: (ná) [nau:], er [e:r], bfó [bi:ou]), og auk þess á undan tveggja samhljóða klösum þar sem fyrra hljóðið er eitt af /p, t, k, s/ og það seinna eitt af /v, j, r/ (vökva [vö:kva], nesja [ne:sja]). Þau stuttu koma aftur á móti fyrir á undan öðrum samhljóðaklösum harður [harðYr], kaldur [k'aldYr], labba [lab:a]). Þetta gildir um áhersluatkvæði; í áhersluleysi er lengdin á reiki, en yfirleitt talið að sérhljóð þar séu öll stutt undir venjulegum kringumstæðum.

Vegna þess að þarna er algjör fyllidreifing (og frjáls dreifing í áhersluleysi), er auðvelt að greina stutt og läng sérhljóð sem afbrigði sömu hljóðana; þ.e. [e] og [et] sem afbrigði hljóðansins /e/ o.s.frv. Þótt hvaða stutt sérhljóð sem er standi í fyllidreifingu við hvaða langt sérhljóð sem er kemur ekki til greina að telja t.d. [er:] afbrigði hljóðansins /e/, en [e] afbrigði hljóðansins /I/, sbr. reglu (2) í 1. kafla.

### 2.1.6 Yfirlit yfir hljóðkerfið

Í samhljóðakerfi íslensku eru þvf eftirtalín hljóðön sem hafa pessi hljóðbrigði:

(2)a Lokhljóði:

/p/	/b/	/t/	/d/	/c/	/f/	/k/	/g/
[pʰ]	[b]	[tʰ]	[d]	[cʰ]	[f]	[kʰ]	[g]

## b Óngljóð:

/f/	/v/	/þ/	/s/	/ç/	/j/	/x/	/h/
[f]	[v]	[þ]	[s]	[ç]	[j]	[x]	[h]

## c Nefhljóð:

/m/	/n/	/ŋ/	/g/	/ɣ/
[m]	[n]	[ŋ]	[g]	[ɣ]

## d Hliðarhljóð, sveifluhljóð:

/l/	/ɿ/	/r/	/ʂ/
[l]	[ɿ]	[r]	[ʂ]

Í sérhljóðakerfinu eru eftirtalín hljóðön og hljóðbrigði:

## (3) a Einhljóð:

/i/	/ɪ/	/e/	/a/
[i]	[ɪ]	[e]	[a]

/Y/	/ø/	/u/	/o/
[Y]	[ø]	[u]	[o]

## b Tvíhljóð:

/eɪ/	/aɪ/	/ɔɪ/	/au/	/ou/
[eɪ]	[aɪ]	[ɔɪ]	[au]	[ou]

Samkvæmt þessu eru hljóðön í íslensku 39; 26 samhljóðön (með samtals 30 hljóðbrigði) og 13 sérhljóðön (þar af 5 tvíhljóð) (með samtals 30 hljóðbrigði).

Hér hefur alveg verið sleppt að fjalla um lengd samhljóða. Vissulega er lengd þeirra aðgreinandi, eins og sjá má á þórunum ama - amma, una - unna. Athugið þó að þetta eru ekki lágmarkspör, því að munur er bæði á lengd samhljóða og sérhljóða í orðnum. Hér verður gert ráð fyrir því að rétt sé að greina slík orð sem mest í saemri við stafsetninguna; þ.e. þannig að í orðum eins og unna séu tvö /n/-hljóðön saman. Lengd sérhljóðanna er svo stöðubundin og fer eftir fjölda eftirfarandi samhljóða, eins og ðóur var sagt. En önnur lausn veri að gera ráð fyrir sérstökum längum samhljóðönum, og greina /Yn:a/ í stað /Ynna/. Hér er ekki pláss til að fara út í rökin sem mæla með fyrri lausninni, en þau eru ýmis.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Sjá t.d. Hrein Benediktsson (1963).

## 2.2 Hljóðskipun íslensku

### 2.2.1 Hljóðskipunarreglur

Hér að framan hefur verið rett um staðvensl málhljóða; nú er komið að því að fjalla dálítið um raðvensl, þ.e. tengsl milli hljóða í röð. Þau eru viðfangsefni hljóðskipunarfræðinnar, eins og áður segir.

Það er ljóst að miklar Nömlur eru á því hvaða hljóð geta raðast saman. Ef við huggum okkur að ekkert íslenskt orð væri meira en þrjú hljóð, virðist samt að í 39 hljóðana kerfi sé möguleiki á giffurlega mör gum orðum. En þessi fjöldi er aðeins til á pappírnum, því að það kemur fljóttlega í ljós að hljóðskipunarreglur málsins útloka meginhluta sambandanna. T.d. yrði hvert þessara priggja hljóða sambanda að innihalda a.m.k. eitt sérljóð, en þó ekki fleiri en tvö, til að geta verið íslenskt orð; rói, rif og afi eru hugsanleg (og raunveruleg) íslenskt orð, en "aði ekki.

Athugið lfka að mismunandi ástæður geta verið fyrir því að ákveðnir möguleikar eru ekki nýttir. Ítum t.d. á orðið flok. Eftir því sem ég best veit er það ekki til í íslensku; en að því er best verður séð er það bara tilviljun, því að þetta gati vel verið íslenskt orð. fl- kemur fyrir í framstöðu í mör gum íslenskum orðum, og flo- líka (flot, flos, flok); og einnig eru dæmi um -ok í bakstöðu (rök, fök) og jafnvel -lok (lok). Þetta orð brýtur því ekki hljóðskipunarreglur málsins á nokkurn hátt, og við getum sagt að þarna sé bara um slysagat í kerfinu að ráða.

Óðru málí gegnir um orðið \*tlok. Það er ekki heldur til í íslensku; en það sem meira er, það gati ekki verið til. \*tl- í framstöðu er nefnilega ekki til í málinu, og þetta orð bryti því hljóðskipunarreglur íslenskunnar. Í sílikum tilvikum er talad um kerfisgöt. Það gati sem sagt vel farið svo að flok yrði einhvær tíma tekið upp sem nýrði, en það er nánast útlokað að nokkrum nýrðasmið detti í hug að koma orðinu tlok inn í íslensku. Stundum eru þó tekin inn í málid orð sem brjóta hljóðskipunarreglur þess; en þau verða alltaf framandi og hafa tilhneigu til að laga sig að íslenskum hljóðskipunarreglum.

### 2.2.2 Staða einstakra hljóða

Öll sérljóð nema tvíhljóðin [iI], [YI], [ui], [oi] geta komið fyrir í framstöðu, innstöðu og bakstöðu. Auðvitað eru ekki til dæmi um hvaða sérljóð sem er milli hváða samhljóða sem er; en gera mā ráð fyrir að þær sé um slysagöt að ráða. Þó eru hljóðkerfislegar ástæður fyrir því að einhljóð koma ekki fyrir á undan [jI]; og oftast eru lfka aðeins tvíhljóð (og [i] og [u]) á undan góðmaltum nefhljóðum (ng og nk), þótt ýmis tökuord brjóti þá reglu að vísu.

Í framstöðu koma öll samhljóð fyrir ein sér nema 8; [m], [n], [ŋ], [h], [χ], [x], [ɣ], [ð] (að visu kemur [x] fyrir í framstöðu í ókringdum hv-framburði eins og áður segir, hver [xe:r], og [ð] kemur fyrir í framstöðu í smáordum sem byrja á b í stafsetningu ef þau eru áherslulaus). Aftur á móti geta hljóðin [b], [d], [g], [cʰ] og [tʃ] aðeins komið fyrir ein í framstöðu, þ.e. þau geta ekki verið fyrra eða fyrsta hljóð í samhljóðaklasa.<sup>1</sup>

Í bakstöðu geta 12 samhljóð ekki komið fyrir ein: [ph], [th], [ch], [kʰ], [f], [v], [h], [g], [c], [h], [g], [l]. Fráblásmu hljóðin koma þó fram í máli þeirra sem eru harðmæltir, en í staðinn koma samsvarandi ófráblásin hljóð ekki fyrir hjá þeim. Nokkur hinna hljóðanna koma þó aðeins fyrir í sjaldgæfum eða hæpnunum orðum; [j] í upphrópunum eins og oí og føj, og [z] í orðum eins og hneggi. Að auki koma [þ] og [x] aðeins fyrir í bakstöðu á eftir sérhljóði ef af ráðdun verður, í orðum eins og þad og veg.

Í innstöðu milli sérhljóða geta aðeins ófráblásin lokhljóð staðið í máli innmeltra, en fráblásin í máli harðmeltra (þótt frá því séu einstöku undantekningar, eins og túba). Af önghljóðunum koma aðeins fyrir þau rödduðu, svo og [f] (sófi) og [s]; að auki koma fyrir sömu nefhljóð, hliðar- og sveifluhljóð og í bakstöðu. Athugið að hér er alls staðar átt við þau hljóð sem koma fram á yfirborði, en ekki hljóðön; það er t.d. ljóst að hljóðanið /x/ kemur fyrir baði í innstöðu milli sérhljóða og bakstöðu, þótt aðeins annað hljóðbrigði þess, [r], komi fyrir milli sérhljóða.

Löng (tvöföld) samhljóð koma aðeins fyrir í innstöðu og bakstöðu; en ekki geta nærri öll samhljóð verið löng. Af lokhljóðunum eru það aðeins þau ófráblásnu (gabba, meiddi, leggja, vagga); þar sem stafsetningin hefur tvírituð pp, tt, kk kemur yfirleitt fram aðbláastur, en aldrei langt hljóð. Af önghljóðum geta aðeins [f] og [s] verið löng (gaffall, hissa; [v] getur verið langt í gælunöfnum og tökuordum, eins og hevví).<sup>2</sup> Þá geta nefhljóðin [m] og [n], hliðarhljóðið [l] og sveifluhljóðið [r] verið löng (amma, vinná, pilla, yrra); óraddaðar samsvaranir þeirra, svo og góðmeltu nefhljóðin, geta aðeins verið stutt.

### 2.2.3 Framstöðuklasar

Hér verða gefin dæmi um þá framstöðuklasa samhljóða sem til eru í íslensku. Nefhljóð, hliðarhljóð, sveifluhljóð og [v] mynda aðeins klasa

<sup>1</sup> Allt sem hér segir um stöðu íslenskra samhljóða, baði einna sér og í klösum, er tekið eftir Sigurði Konráðssyni (1980).

<sup>2</sup> Halldór Halldórsson (1979) sýnir ýmis dæmi um löng [f:] og [v:].

með [j]; mjólk, njóta, hnjask, ljós, hljótt, rjála, hrjóta, vél. Ónnur lokhljóð en þau góðmeltu mynda líka klasa með [j], sem og önghljóðin [f], [p] og [s]; pjátur, tjá, björ, djöfull, fjandi, bjá, sjá. En þessi hljóð geta líka myndað klasa með fleiri hljóðum; [r], [l], [n] og [v], og [s] auk þess með [b], [d], [t] og [g]. Líttum nú á þessa klasa:<sup>1</sup>

(4) a	f	r	frár	i	s	v	svart
		j	frjár			b	spark
		l	flót			j	spjót
		n	fjót			r	sprakk
			fnykur			l	splæsa
			fnjóskur			d	stór
b	p	r	hrír			j	stjórnar
		j	þrjá			r	strok
c	p	r	pvo			l	strjúka
		j	þróð			j	slá
		l	þrjónn			r	sljór
d	t	r	plagg			l	snót
		j	trú			n	snjör
e	k	r	trjóna			j	skor
		j	krá			r	skrúfa
		l	krjúpa			j	skrjáfa
		j	klípa			r	skvap
		l	kijjast			v	skjött
		n	knárr				
		j	kné				
		v	kvos				
f	b	r	brjóta				
		j	brjóst				
		l	blár				
		j	blés				
g	g	r	drasl				
		j	drjúpa				
		v	dvergur				
h	g	r	gras				
		j	grjón				
		l	gler				
		n	gljá				
		v	gnod				
			guð				

Eins og sjá má stendur [j] alltaf næst sérljóðinu, komi það fyrir í klasanum á annað borð. [s] er hins vegar eina hljóðið sem getur staðið fremst í fjögurra samhljóða klasa. Órødduð lokhljóð og önghljóð eru þau einu sem geta verið priðja hljóð frá sérljóði. Sérhvert hljóð sem getur verið fjórða hljóð frá sérljóði getur einnig verið priðja, annað og fyrsta; sérhvert hljóð sem getur verið priðja hljóð frá sérljóði getur líka verið annað og fyrsta, o.s.frv.

Út úr þessari upptalningu má m.a. lesa það að hljóð með sama

<sup>1</sup> Þessi uppsetning er komin frá Sigurði Konráðssyni (1980), sem og flest dæmin um klasana.

myndunarhátt mynda ekki klasa, nema önghljóð ([sv], [sj], [bv], [pj], [fj], [vj]); hliðarhljóð, sveifluhljóð og nefhljóð geta í þessu tilliti talist hafa sama myndunarhátt. Hljóð með sama myndunarstað mynda yfirleitt ekki klasa, nema tannbergsmelt hljóð ([sd], [br], [thr], [dr]).<sup>1</sup>

#### 2.2.4 Bakstöðuklasar

Hiklu erfiðara er að fá yfirlit yfir samhljóðaklasa í bakstöðu en í framstöðu. Það er vegna þess að orðmyndun fer oftast fram með viðskeytum, en ekki forskeytum, og beygingarendingar bætast aftan á orðin, en ekki framan á þau; upphaf orða er því yfirleitt í nokkuð föstum skorðum, en endirinn miklu síður. Ef rót orðs endar í upphafi á samhljóðaklasa getur komið út ærið strembinn samhljóðaklasi við orðmyndun og beygingu, t.d. þegar viðskeytinu -sk- er bætt við staðahelti, og eignarfalls-s síðan bætt þar við. Sennilega eru þó slíkir klasar flestir aðeins til á pappírnum, því að þegar fleiri en tvö samhljóð eru í klasa (annars staðar en í framstöðu) fara brottföll að verða mjög algeng, í eðlilegu tali a.m.k. En hér eru helstu tveggja samhljóða klasar:<sup>2</sup>

(5)	r̄g	torg	lm	ólm	nd	signd	gl	fugl	sd	ást
	rm	orm	lb	hjálp	ŋø	löng	ðø	sögn	sø	ósk
	rv	orf	lø	hjalt	ns	langs	ðs	baks	sm	laasm
	rð	hurð	lø	hólk	nl	dangl	fð	haft	xð	sagt
	rb	porp	mø	lamb	nd	hengt	fs	rofs	xs	sax
	rd	hart	md	samð	ŋø	höñk	ví	röfl	xð	segð
	rð	fork	ml	kuml	ns	hlunks	vð	hefð	hp	upp
	rs	hers	ms	hjóms	øl	afl	þð	maðk	hy	hatt
	ld	hald	mb	svamp	bn	safn	ðl	bruðl	hg	hakk
	lg	helg	md	samt	bs	taps	ðm	faðm		
	lv	álf	nd	önd	dj	sull	ðn	iðn		
	ls	hóls	ns	dans	dn	einn	ðs	taðs		

Hér er sleppt nokkrum heppnum klösum, sem eingöngu koma fram þegar nafnord eru mynduð af sögnum með því að fella niður -a; það eru klasar eins og -mr (kumr), -mj (emj), -nj (grenj), -tr (sötr) og nokkrir fleiri. Einnig er sleppt klösum eins og [rs], [rs] sem hugsanlega geta komið fram þegar miðhljóð fellur brott án þess að afröddun verði, í orðum eins og bragðs og verðs.

Briggja samhljóða klasar eru þónokkrir til í bakstöðu; en þá fara ýmis brottföll að verða algengari, og erfiðara að segja til um hverjir þeirra koma í raun og veru fyrir í eðlilegu tali; sennilega eru það ekki mjög margir. Þó eru til fjögurra samhljóða klasar þar sem hægt er að bera

<sup>1</sup> Á þetta hvort tveggja bendir Sigurður Konráðsson (1980).

<sup>2</sup> Eins og flest annað í þessum kafli (2.2) er þetta yfirlit komið frá Sigurði Konráðssyni (1980).

öll hljóðin fram (og jafnvel gert); hæns [hainsdó], meiðal [meiðsdi] og nokkur fleiri. Jafnvel eru dæmi um fimm samhljóða klasa í bakstöðu; vermsl [vermsdó].<sup>1</sup>

Innstöðuklösum er hér sleppt, vegna þess hve fjölbreyttir þeir eru; á skilum samsettra orða koma nefnilega upp alls konar sambond sem ekki geta komið fyrir annars. Þó er fjallað um dreifingu lokhljóða og önghljóða í grannstöðu við hliðarhljóð, sveifluhljóð og nefhljóð í 5.3.2.

<sup>1</sup> Enn eru petta dæmi frá Sigurði Konráðssyni (1980).

